

1.2.3 Opín svæði

Vestast við veginn, á um 2,1 ha svæði, er náttúruleg fjara sem verður áfram óhreyft land og fjara. Í beinu framhaldi af henni til austurs er gert ráð fyrir garði, miðsvæðis, og verða þar leikskóli, sparkvöllur, þúttvöllur og sjóbaðsströnd sem snýr í sólarátt. Aðstöðu til fuglaskoðunar verður komið fyrir á tanga þar sem áhugafólk getur virt fyrir sér auðugt fuglalíf.

Sjórinn sem er svo tengdur lífi Íslendinga mun gefa byggðinni sterkan svip og binda saman náttúru og byggð. Ósnert fjara við veginn mun ekki raskast enda landfyllingin aðeins framhald þeirrar fyllingar sem þegar er til staðar. Strönd lengjan öll – bæði núverandi og ný - verður opin almenningi. Hverfið verður kjörsvæði fyrir náttúruvinnendur með göngustígum meðfram ströndinni, aðstöðu til fuglaskoðunar og smábátahöfninni.

